

Sp.

719. Nefndarálit

[77. mál]

um till. til þál. um átak til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillögu þessa og fengið umsagnir frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, fjármálaráðuneytinu, Þjóðhagsstofnun, Rannsóknaráði ríkisins, Iðntæknistofnun Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Búnaðarfélagi Íslands. Þá hefur nefndin fengið upplýsingar frá iðnaðarráðuneytinu um „Framleiðniátak 1985–1987“.

Nefndin er samþykkt því meginefni tillögunnar að æskilegt sé að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega í samvinnu ríkisvaldsins og heildarsamtaka vinnumarkaðarins. Iðnaðarráðuneytið hefur upplýst að haustið 1985 hafi farið af stað framleiðniátak sem eigi að standa í tvö ár. Þetta er samstarfsverkefni Iðntæknistofnunar Íslands, Félags ísl. iðnrekenda, Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnverkafólks og Landssambands iðnaðarmanna. Iðntæknistofnun Íslands sér um framkvæmd verkefnisins. Framleiðniátakið hefur fengið sérstaka fjárveitingu á fjárlögum 1985 og 1986, 5 millj. kr. hvort ár.

Af þessu má ljóst vera að verkefni því, sem tillagan fjallar um, hefur verið markaður ákveðinn farvegur í stjórnkerfinu. Í trausti þess að ríkisstjórnin vinni áfram að því mikilvæga verkefni að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega í samvinnu við heildarsamtök vinnumarkaðarins leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Björn Dagbjartsson.

Alþingi, 2. apríl 1986.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
form., frsm.

Garðar Sigurðsson,
fundaskr.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Kristín Halldórsdóttir.

Þórarinn Sigurjónsson.

Eggert Haukdal.